



Skólastjórar grunnskóla, skólanefndir og  
skólaskrifstofur

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 150 Reykjavík

sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068

postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 7. janúar 2013

Tilv.: MMR13010022/8.6.1

Efni: Dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk í grunnskólum 2013

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði skuli lögð fyrir alla nemendur í 4. og 7. bekk grunnskóla. Jafnframt er kveðið á um að nemendur 10. bekkjar skuli á fyrri hluta skólaársins þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði.

Tilgangur samræmdra könnunarprófa í grunnskólum er m.a. að athuga að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð, vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur og veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda.

Dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk haustið 2013 verða sem hér segir:

**10. bekkur**

Íslenska	mánudagur	23. september
Enska	þriðjudagur	24. september
Stærðfræði	miðvikudagur	25. september

**4. og 7. bekkur**


Íslenska	fimmtudagur	26. september
Stærðfræði	föstudagur	27. september

Ákvörðun um prófdaga samræmdra könnunarprófa haustið 2013 var tekin í samráði við Námsmatsstofnun sem sér um framkvæmd prófanna. Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa er aðgengileg á vef ráðuneytisins: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is).

Samræmd könnunarpróf hefjast klukkan 9:00 að morgni og er gert ráð fyrir að þau raski sem allra minnst venjulegu skólahaldi. Próftími er breytilegur eftir aldri nemenda og má sjá ítarlegar upplýsingar um hann í kafla 2. í *Handbók um uppbyggingu og framkvæmd samræmdra könnunarprófa árið 2013* sem sett verður á vef Námsmatsstofnunar í mars 2013, [www.namsmat.is](http://www.namsmat.is).

Fyrir hönd ráðherra

  
Stefán Baldursson

  
Margrét Harðardóttir

Stofnun	Hafnarfjarðar Stofnun
Dagsetning	9.1.2013
Málarnúmer	1301237
Bláttöl	222.5